

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1669****2024/EES/34/05****frá 10. nóvember 2020**

um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda tilteknum ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1807 um ramma um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga í Evrópusambandinu, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (hér á eftir nefnt „IM-upplýsingakerfið“), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012, er notkunarhugbúnaður á netinu sem framkvæmdastjórnin hefur þróað í samstarfi við aðildarríkin til þess að hjálpa aðildarríkjunum við að uppfylla skyldur sínar um samvinnu á sviði stjórnsýslu, þ.m.t. kröfur um upplýsingaskipti í gerðum Sambandsins. Þetta næst með því að koma á miðlægri boðskiptaleið til að auðvelda upplýsingaskipti og gagnkvæma aðstoð yfir landamæri.
- 2) Með 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 er framkvæmdastjórninni gert kleift að framkvæma tilraunaverkefni til að meta hvort IM-upplýsingakerfið gæti orðið skilvirk tæki við framkvæmd ákvæða um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem mælt er fyrir um í lagagerðum Sambandsins sem eru ekki skráð í viðaukanum við þá reglugerð.
- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1807 ⁽²⁾ er kveðið á um frjálsa miðlun gagna, annarra en persónu-upplýsinga, innan Sambandsins. Í henni er einnig mælt fyrir um skilyrði varðandi aðgang lögbærra yfirvalda að gögnum, beiðni um aðstoð og samstarf milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja með það fyrir augum að veita aðgang að gögnum sem eru unnin og geymd í öðru aðildarríki. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807 getur lögbært yfirvald óskað eftir aðstoð lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki, í samræmi við tilhögunina sem sett er fram í 7. gr. þeirrar reglugerðar, ef lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðnina fær ekki aðgang að gögnum og ef ekkert sérstakt samstarfsfyrirkomulag er fyrir hendi samkvæmt lögum Sambandsins eða alþjóðasamningum um gagnaskipti milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum.
- 4) Samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807 er aðildarríkjum heimilt, við brýnar aðstæður og við tiltekin skilyrði, að grípa til tímabundinna ráðstafana til að endurstaðbinda gögn (e. *re-localise*). Ef slík tímabundin ráðstöfun krefst endurstaðbindingar gagna til lengri tíma en 180 daga frá endurstaðbindingu skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Að auki skal framkvæmdastjórnin skiptast á upplýsingum við aðildarríkin um viðeigandi fengna reynslu.
- 5) IM-upplýsingakerfið gæti verið skilvirk tæki til að koma til framkvæmda ákvæðunum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem mælt er fyrir um í 2. og 4. mgr. 5. gr. og 2.–5. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807. Þessi ákvæði ættu því að vera viðfang tilraunaverkefnis skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2023 frá 22. september 2023 um breytingu á XI. viðauka (Rafraen fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1807 frá 14. nóvember 2018 um ramma um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga í Evrópusambandinu (Stjtið. ESB L 303, 28.11.2018, bls. 59).

- 6) Samvinna á sviði stjórnsýslu samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1807 getur tekið til sameiginlegu tengiliðanna sem eru tilnefndir í samræmi við 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, lögbæru yfirvaldanna sem um getur í 6. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar og hverra þeirra aðila sem bera ábyrgð á að tilkynna um ráðstafanir skv. 4. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar. Í samræmi við f-lið annarrar málsgreinar 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 ættu þau því að teljast vera lögbær yfirvöld að því er tilraunaverkefnið varðar.
- 7) IM-upplýsingakerfið ætti að bjóða upp á tæknilegar aðgerðir sem gera lögbærum yfirvöldum, sameiginlegum tengiliðum, aðilum sem bera ábyrgð á að tilkynna um ráðstafanir skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807 og framkvæmdastjórninni kleift að uppfylla skuldbindingar sínar um samvinnu á sviði stjórnsýslu og samskipta samkvæmt þeirri reglugerð.
- 8) Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807 er lögbæru yfirvaldi, sem fær beiðni um aðgang að gögnum, skylt að annaðhvort senda umbeðin gögn eða tilkynna yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina um að það telji skilyrðin fyrir því að óska eftir aðstoð ekki hafa verið uppfyllt. Til að gera gagnaskipti möguleg ætti aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, að láta aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fá aðgang að umbeðnum gögnum eða upplýsingar um það hvernig og hvenær gagnaflutningurinn fer fram. Aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, getur einnig veitt umbeðnar upplýsingar án tafar sem svar við beiðninni ef það er talin skilvirkasta leiðin til að halda málinu áfram.
- 9) Beiðni um aðstoð, sem og tímabundnar ráðstafanir sem tilkynntar eru framkvæmdastjórninni í gegnum IM-upplýsingakerfið, getur falið í sér skipti á gagnamengjum sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807 gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽³⁾ um vinnslu persónuupplýsinga í gagnamengi þar sem þær eru órjúfánlega tengdar ópersónulegum upplýsingum. Þetta er tryggt með 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 þar sem settar eru fram reglur um vinnslu persónuupplýsinga í IM-upplýsingakerfinu.
- 10) Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 skal framkvæmdastjórnin leggja úttekt á niðurstöðum tilraunaverkefnisins fyrir Evrópuþingið og ráðið. Rétt þykir að tilgreina fyrir hvaða dag leggja skuli úttektina fram. Til að tryggja samræmi ætti dagurinn sem er tilgreindur að vera sá sami og fyrir framlagningu skýrslunnar sem krafist er skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Tilraunaverkefnið

Framkvæma skal tilraunaverkefni til að meta hvort upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (hér á eftir nefnt „IM-upplýsingakerfið“) gæti orðið skilvirkt tæki við framkvæmd ákvæðanna um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem mælt er fyrir um í 2. og 4. mgr. 5. gr. og 2.–5. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807.

2. gr.

Lögbær yfirvöld

Að því er tilraunaverkefnið varðar skal líta á lögbæru yfirvöldin, sem um getur í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1807, sameiginlegu tengiliðina, sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar og aðila, sem bera ábyrgð á að tilkynna um ráðstafanir skv. 4. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, sem lögbær yfirvöld í skilningi f-liðar annarrar málsgreinar 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

3. gr.

Samvinna á sviði stjórnsýslu

1. Að því er varðar 2. mgr. 5. gr. og 2.–5. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1807 skal IM-upplýsingakerfið einkum bjóða upp á tæknilegar aðgerðir varðandi eftirfarandi:

- a) að leggja fram beiðni um aðstoð samkvæmt þessum greinum ásamt rökstuðningi, þ.m.t. allar meðfylgjandi upplýsingar og skriflegar skýringar,
- b) að senda beiðnina til viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þangað sem senda á beiðnina,
- c) að svara og senda gögnin sem beðið var um með því að leggja fram eitt af eftirfarandi:
 - i. upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fá aðgang að gögnunum og hala þau niður,
 - ii. upplýsingar um það hvernig og hvenær gagnaflutningurinn fer fram,
 - iii. umbeðin gögn,
- d) að tilkynna yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina um að skilyrðin fyrir því að óska eftir aðstoð hafi ekki verið uppfyllt.

2. Að því er aðra undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1807 varðar skal IM-upplýsingakerfið einkum bjóða upp á tæknilegar aðgerðir varðandi eftirfarandi:

- a) að tilkynna framkvæmdastjórninni um tímabundna ráðstöfun,
- b) að tilkynna um nauðsynlegar ráðstafanir sem framkvæmdastjórnin gerir, eftir því sem við á,
- c) að veita upplýsingar um fengna reynslu og að skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum við sameiginlega tengiliði í aðildarríkjunum.

4. gr.

Varðveisla persónuupplýsinga

Ef upplýsingar, sem skipst er á í gegnum IM-upplýsingakerfið, innihalda gagnamengi sem samanstendur af bæði persónuupplýsingum og ópersónulegum upplýsingum, skal vinna með persónuupplýsingarnar í IM-upplýsingakerfinu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

5. gr.

Úttekt

Framkvæmdastjórnin skal leggja úttekt á niðurstöðum tilraunaverkefnisins, eins og krafist er í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012, fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 29. nóvember 2022.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.